

**B 326/válfärd**

**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin  
**Fylgiskjal/-skjöl** Norræn samstarfsáætlun um jafnréttismál  
2019–2022

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um  
**ráðherranefndartillögu um  
Norræna samstarfsáætlun um jafnréttismál 2019–2022**

**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún framfylgi norrænu samstarfsáætluninni um jafnréttismál 2019–2022 að teknu tilliti til sjónarmiða Norðurlandaráðs.

**Bakgrunnur**

Gildandi samstarfsáætlun um jafnréttismál á Norðurlöndum fyrir tímabilið 2015–2018 með fyrirsögninni *Saman í þágu jafnréttis – öflugri Norðurlönd* rennur út á þessu ári og hefur ný samstarfsáætlun til nokkurra ára verið sett saman.

Norræna velferðarnefndin fékk tækifæri til að tjá sig um tillögu að áætluninni snemma í ferlinu á vordögum og liggur nú fyrir nefndinni að fjalla um endanlega tillögu eftir að ýmsir aðilar hafa lagt sitt af mörkum við gerð áætlunarinnar.

Lagt er til að meginefni áætlunarinnar verði:

- Vinnumarkaður til framtíðar og hagvöxtur
- Velferð, heilsa og lífsgæði
- Völd og áhrif
- Opið og sýnilegt samstarf að jafnréttismálum
- Samþætting jafnréttissjónarmiða

*Væntanleg áhrif tillögunnar*

Varðandi heimsmarkmið Dagskrár 2030 um sjálfbæra þróun fellur samstarfsáætlunin fyrst og fremst undir markmið 5 um jafnrétti (*Fullt kynjajafnrétti og valdefling allra kvenna og stúlkna*) en einnig markmið 8 „Mannsæmandi atvinnutækifæri og hagvöxt“ og markmið 3 um heilbriggt lífverni og vellíðan.



## Álit nefndarinnar

Virk stefna í jafnréttismálum og viðleitni til að ná fullu jafnrétti í samfélaginu eru einkennandi fyrir Norðurlönd og norræna velferðarlíkanið. Þrátt fyrir að Norðurlöndin séu forvígislönd í alþjóðlegu tilliti vantar enn talsvert upp á að við höfum náð endanlegum markmiðum okkar.

Norðurlandaráð leggur áherslu á þverlægt samstarf milli fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar endi geti það leitt til árangursríkra aðgerða í jafnréttismálum á vinnumarkaði og sviði félags- og heilbrigðismála, svo að nokkuð sé nefnt. Jafnframt leggur ráðið áherslu á að *sambætting jafnréttissjónarmiða* (sem er sjötta áherslusvið samstarfsáætlunarinnar) verði til að öll önnur mikilvæg svið Norrænu ráðherranefndarinnar keppi að sama marki um aukið jafnrétti á Norðurlöndum.

Í samstarfsáætluninni er kveðið á um pólitískar áherslur fyrir ráðstafanir á tímabilinu 2019–2022. Norðurlandaráð telur áformuð áherslusvið réttilega valin og styður þau metnaðarmál að vinna gegn kynjaskiptum vinnumarkaði og athuga hvernig ábyrgð á ólaunuðum umönnunarstörfum samrýmist jöfnum tækifærum til atvinnuþátttöku í kaflanum um *vinnumarkað til framtíðar og hagvöxt*. Norðurlandaráð vonast til að aðgerðir gegn kynjaskiptingunni á vinnumarkaði dragi úr kynbundnum launamuni. Norræna velferðarnefndin er áhugasöm um jafnlaunavottunina á Íslandi sem vænst er að þróist í samnorrænt kerfi sem stuðlar að launajafnrétti alls staðar á Norðurlöndum.<sup>1</sup>

Sömuleiðis er brýnt að sinna vel öðru áherslusviðinu, *velferð, heilsu og lífsgæði*, og vinna að jafnrétti hvað varðar tilkall til góðrar heilsu, hjúkrunar og umönnunar í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu auk þess að beita sér gegn kynferðislegri áreitni og annarri ótilhlýðilegri háttsemi og líða ekki kynbundið ofbeldi.

Norðurlandaráð lítur alvarlegum augum þær aðstæður sem metoo-hreyfingin hefur afhjúpað upp á síðkastið um umfang kynferðislegrar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi af ýmsu tagi. Afar mikilvægt er að við lærum öll hvert af öðru á Norðurlöndunum um hvernig leysa beri þennan vanda á öllum sviðum og stigum samfélagsins.

Norðurlandaráð hefur beint fjölda tilmæla<sup>2</sup> til Norrænu ráðherranefndarinnar um mál sem varða ýmiss konar áreitni og ofbeldi í nánnum samböndum og fagnar því að þessir mikilvægu málaflokkar verði áfram til umfjöllunar í norrænu samstarfi um jafnréttismál.

Þriðja áherslusvið samstarfsáætlunarinnar snýst um *völd og áhrif*. Hér eins og á öðrum sviðum hafa ýmsar alþjóðlegar samanburðarrannsóknir sýnt að samfélag hagnist á jafnari skiptingu valds og forystu milli kynjanna enda hafi hún í för með sér aukna arðsemi fyrirtækja og almennt séð betri árangur fyrir samfélagið.

<sup>1</sup> Sjá þingmannatillögu A 1735/válfærd um *útvíkkaða jafnlaunavottun* <http://www.norden.org/is/nordurlandarad/mal-og-skjoel/a-1735-velfaerd>

<sup>2</sup> Ofbeldi í nánnum samböndum: <https://www.norden.org/is/node/17801>

Ýmiss konar áreitni: <https://www.norden.org/is/node/17798>, <https://www.norden.org/is/node/17837>.



Norðurlandaráð veitir athygli nýju áherslusviði um *karla og karlmennskuímyndir* sem ekki var að finna í fyrri drögum að samstarfsáætlun. Jafnrétti snýst um jöfn tækifæri kvenna og karla og það er mikilvægt að bæði kynin taki þátt í samstarfinu um jafnréttismál. Athygli vekur áhersla á umfjöllunarefni á borð við karla og menntun, karla og foreldrahlutverk og rannsóknir og þekkingu.

Norðurlöndin gegna mikilvægu hlutverki vegna framvarðarstöðu sinnar á alþjóðavettvangi og er fimmta áherslusviðið um *opið og sýnilegt samstarf að jafnréttismálum* tengt því. Norðurlandaráð hefur í stefnu sinni í alþjóðamálum lagt áherslu á að tekna verði upp viðræður um jafnrétti við samstarfsaðila víða um heim og lýsir því stuðningi við viðleitni Norrænu ráðherranefndarinnar í þessu efni. Samstarfið sem fram fer um *The Nordic Gender Effect at Work* er mikilvægt en með því er reynslu Norðurlandþjóðanna varðandi mannsæmandi atvinnuskilyrði og jafnrétti miðlað til umheimsins. Það tengist einnig náíð sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Áform um að nýta norrænt samstarf sem sameiginlegan vettvang gagnvart jafnréttisstarfi á vegum ESB eru áhugaverð nýmæli og verða vonandi til þess að renna styrkari stoðum undir ESB-samstarfið um jafnréttismál.

Nuuk, 13. september 2018

*Axel Jonsson (ÅF)*

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Erlend Wiborg (FrP)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Jenis av Rana (Mfl.)*

*Karen J. Klint (S)*

*Kimmo Kivelä (bláum)*

*Krista Mikkonen (grænum)*

*Lennart Axelsson (S)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Nina Sandberg (A)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Ulf Leirstein (FrP)*

### **Fyrirvari Norræns frelsis (NF) við álit nefndarinnar**

Norrænt frelsi er þeirrar skoðunar að sérhver skuli ráða sínu náms- og starfsvali sjálfur og telur að starf að jafnrétti og jöfnuði eigi að miða að því að tryggja öllum jöfn tækifæri, þar á meðal aðgang að upplýsingum, í stað þess að einblína á jöfn hlutföll. Við höfum ekki sömu áhyggjur og nefndin af því að til séu karla- og kvennastéttir á vinnumarkaði ef það leiðir af frjálsu og upplýstu vali. Við erum einnig andvíg þeirri afstöðu að brugðist skuli við launamun karla og kvenna með því að jafna kynjadreifingu í mismunandi starfsgreinum því að það festir í sessi þá skoðun að kyn hafi áhrif á launamyndun. Að öðru leyti styðjum við samstarfsáætlunina eins og hún liggur fyrir.

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún framfylgi norrænu samstarfsáætluninni um jafnréttismál 2019–2022 að teknu tilliti til sjónarmiða Norðurlandaráðs að undanskildum þeim aðgerðum gegn kynjaskiptingu á vinnumarkaði sem nefndar eru í umfjöllun um áherslusviðið *vinnumarkaður til framtíðar og hagvöxtur*.



Nuuk, 13. september 2018

*Mika Raatikainen (saf)*

*Paula Bieler (SD)*